

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Melahverfis í Skilmannahreppi.

Sveitarstjórn Skilmannahrepps hefur samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.br. samþykkt deiliskiplag 18 íbúðalóða við Lækjarmel og 2 þjónustulóða við Innrímel í Melahverfi í Skilmannahreppi þann 7. maí 1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Skilmannahreppi, 13. júlí 1998.*

F.h. sveitarstjórnar Skilmannahrepps,  
**Jón Þór Guðmundsson**, oddviti.

20. júlí 1998

Nr. 452

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Höfðahverfis, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag Höfðahverfis, Mosfellsbæ á fundi sínum þann 24. júní 1998. Á svæðinu er gert ráð fyrir eitt hundrað og fimmtíu og sjö íbúðum í par-, rað- og einbýlishúsum á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint sem íbúðarsvæði. Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

*Mosfellsbæ, 20. júlí 1998.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.

20. júlí 1998

Nr. 453

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag stofnana- og þjónustusvæðis við Baugshlíð/Lækjarhlíð, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag stofnana- og þjónustusvæðis við Baugshlíð/Lækjarhlíð, Mosfellsbæ á fundi sínum þann 24. júní 1998. Samkvæmt skipulaginu er gert ráð fyrir leik- og grunnskóla auk þjónustumannvirkja og íbúðum fyrir aldraða á svæði sem samkvæmt aðalskipulagi er skilgreint sem stofnanasvæði. Skipulagstillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagið.

Skipulagið öðlast gildi með birtingu þessarar auglýsingar.

*Mosfellsbæ, 20. júlí 1998.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.